

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 59/2012****2012/EES/43/26****frá 30. mars 2012****um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 27/2012 frá 10. febrúar 2012 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/17/EB frá 23. apríl 2009 um breytingu á tilskipun 2002/59/EB um stofnun eftirlits- og upplýsingakerfis Bandalagsins fyrir umferð á sjó <sup>(2)</sup>.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 55a (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/59/EB) í XIII. viðauka við samninginn:

„– **32009 L 0017**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/17/EB frá 23. apríl 2009 (Stjttíð. ESB L 131, 28.5.2009, bls. 101).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2009/17/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. maí 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni <sup>(\*)</sup>.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. mars 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Gianluca Grippa**

starfandi formaður.

<sup>(1)</sup> Stjttíð. ESB L 161, 21.6.2012, bls. 33, og EES-viðbætur við Stjttíð. ESB nr. 34, 21.6.2012, bls. 39.

<sup>(2)</sup> Stjttíð. ESB L 131, 28.5.2009, bls. 101.

<sup>(\*)</sup> Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.